

Nr. 100 / 10 Ver RE 112**Sekkur í Reykjavíkurhöfn**

Skipaskr.nr. 0357
Smíðaður: Danmörku 1955, eik
Stærð: 28,2 brl. 31,4 bt.
Mesta lengd: 14,69 m Skráð lengd: 14,41 m
Breidd: 4,88 m Dýpt: 2,1 m
Vél: Caterpillar 240 kW, 1991
Fjöldi skipverja:



Gögn:
Gögn RNS

Ver©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júlí 2010 var Ver RE 112 við bryggju í Reykjavík. Veður: N 4 m/s.

Vegfarandi tilkynnti að báturinn væri sokkinn liggjandi í landfestum og var einhver olíuleki frá honum. Hafnarstarfsmenn girtu bátinn af með olíuvarnargirðingu og hreinsuðu svæðið. Báturinn hafði legið í höfninni í um fimm ár.

Myndin sýnir Ver sokkinn við bryggjuna. (Mynd©Hilmar Snorrason)

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.

Sérstök ábending:

Nefndin hefur verið með nokkur mál til umfjöllunar vegna langleguskipa og eru orsakir þess að þau sökkva oftar en ekki vanhirða af einhverju tagi.

RNS hefur gert eftirfarandi tillögur í öryggisátt til Siglingastofnunar Íslands:

Í ljósi þess að svokallaðir óreiðubátar eru ítrekað að sökkva í höfnum og skapa margvíslegar hættur beinir nefndin því til Siglingastofnunar Íslands að hún hlutist til um að hafnaryfirvöld fái viðeigandi úrræði til lausnar á þessu vandamáli til að auka öryggi.